



Spáum lækkun stýrivaxta

Við teljum að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að lækka vexti um 0,25 prósentur á næsta fundi nefndarinnar, en ákvörðunin verður tilkynnt miðvikudaginn 22. maí.

Við útilokum þó ekki að vextir verði lækkaðir meira, en teljum að nefndin muni vilja stíga varlega til jarðar og sjá hvaða áhrif vaxtalækkunin muni hafa áður en frekari skref verði tekin til lækkunar vaxta. Strax í júní er annar vaxtaákvörðunarfundur og nefndinni í lófa lagið að halda þar áfram á sömu braut með frekari lækkun vaxta verði engar óvæntar fréttir í millitíðinni sem dragi úr fýsileika frekari lækkunar vaxta. Við teljum þó líklegt að strax á næsta fundi nefndarinnar í júní verði stigið frekara skref með aðra 0,25 prósentustiga lækkun.


Seðlabankinn spáir líklegast samdrætti landsframleiðslu á þessu ári

Hagfræðideild Landsbankans birti uppfærða þjóðhags- og verðbólguþá í dag þar sem gert er ráð fyrir 0,5% samdrætti í landsframleiðslu á þessu ári. Seðlabankinn mun birta nýja þjóðhags- og verðbólguþá þann 22. maí samhliða stýrivaxtaákvörðuninni. Spá Seðlabankans verður líklega á svipuðum nótum og því töluvert frábrugðin þeirri spá sem bankinn lagði fram í febrúar síðastliðnum. Ástæðan er fyrst og fremst gjaldþrot Wow air í lok mars sem mun hafa mikil neikvæð áhrif á vöxt útflutnings á þessu ári og þannig á hagvöxt. Telja verður mjög líklegt að Seðlabankinn spái efnahagssamdrætti á þessu ári. Samhliða neikvæðum hagvexti verður til framleiðsluslaki í þjóðarbúinu m.a. í formi aukins atvinnuleysis sem dregur úr verðbólguþrýstingi að öðru gefnu.

Gjaldþrot Wow air hafði fremur lítil áhrif á gengi krónunnar en Seðlabankinn greip aðeins inn í á gjaldeyrismarkaði strax eftir þrotið. Inngripin voru þó mun minni en búast hefði mátt við enda urðu litlar breytingar á gengi krónunnar við fall Wow air. Það bendir til þess að markaðsaðilar hafi þegar verið búnir að verðleggja fall Wow air inn í gengi krónunnar. Gengi krónunnar er um þessar mundir á

Dags.	Lagt til	Með	Móti	Kosið annað	Niðurst. 7D b. Innl.
feb 17	óbr.	5			óbr. 5,00
mar 17	óbr.	5			óbr. 5,00
maí 17	-0,25	5			-0,25 4,75
jún 17	-0,25	5		GZ og KÓ (-0,5)	-0,25 4,50
ágú 17	óbr.	5		GZ (-0,25)	óbr. 4,50
okt 17	-0,25	5			-0,25 4,25
nóv 17	óbr.	5			óbr. 4,25
des 17	óbr.	5			óbr. 4,25
feb 18	óbr.	5			óbr. 4,25
mar 18	óbr.	5			óbr. 4,25
maí 18	óbr.	5			óbr. 4,25
jún 18	óbr.	5			óbr. 4,25
ágú 18	óbr.	5			óbr. 4,25
okt 18	óbr.	5			óbr. 4,25
nóv 18	+0,25	4	ÞGP (+0,50)		+0,25 4,50
des 18	óbr.	4	ÞGP (+0,25)		óbr. 4,50
feb 19	óbr.	5			óbr. 4,50
mar 19	óbr.	5			óbr. 4,50

Heimild: Seðlabanki Íslands







svipuðum stað og síðast þegar Seðlabankinn gaf út verðbólguþspá. Líklega verður verðbólguþspá bankans til skemmri tíma lítið lítið breytt frá spánni í febrúar en til lengri tíma lítið má búast við að verðbólgan fari fyrir niður í markmið vegna framleiðsluslaka sem myndast í stað framleiðsluspennu.

Háar verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja setja Seðlabankanum skorður í vaxtalækkunarferlinu

Það sem einna helst kemur í veg fyrir myndarlegri vaxtalækkun en við erum að spá er sú staðreynd að verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja eru enn töluvert hærrí en verðbólguþspá Seðlabankans. Seðlabankinn horfir vafalaust mikið á verðbólguvæntingar bæði heimila og fyrirtækja og þá sérstaklega fyrirtækja þar sem þau ákvarða verð á vörum og þjónustu í hagkerfinu. Í mars síðastliðnum voru verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja í 4% en þá átti eftir að semjast á vinnumarkaði en þeir samningar sem nú eru frágengnir eru hófsamari en margir óttuðust. Líklegt er að verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja kunni að lækka aftur á ný á næstunni en meðan þær eru jafn háar og raun ber vitni setur það ákveðnar skorður á svigrúm Seðlabankans til vaxtalækkana.



Heimild: Seðlabanki Íslands



*) Fundið út frá mun RIKB22 og RIKS21

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Kodiak

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.